

# Námsgrein: Textílmennt

## 5.-7. bekkur

*Kennari:* Dóra Fjóra Guðmundsdóttir

*Tímafjöldi á viku:* 2-3 klukkustundir á viku.

*Kennsluaðferðir og skipulag:* Í listgreinum er kennt í stöðvum þar sem nemendur eru í hverri listgrein í 8-11 vikur. Í textíl vinna nemendur tvö skylduverkefni yfir tímabilið. Þegar þeim er lokið þá hafa þeir frjálst val um önnur verkefni.

*Námsmat:* Símat, virkni og þátttaka í kenslustundum.

### Grunnþættir menntunar

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar                                                                                                                                                       |
|-------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Læsi                    | Nemendur þjálfá sjónrænt og verklegt læsi með því að lesa og fylgja leiðbeiningum, túlka mynstur og tákn, sem styrkir skilning og tjáningu á fjölbreyttum miðlum.                        |
| Sjálfbærni              | Nemendur læra að nýta efni á ábyrgðan hátt, endurnýta og huga að umhverfissvænum valkostum. Fjallað er um áhrif framleiðslu og neyslu á náttúru og samfélag.                             |
| Heilbrigði og velferð   | Lögð er áhersla á jákvæða upplifun, þolinmæði og einbeitingu í skapandi vinnu, sem stuðlar að andlegri vellíðan og sjálfstrausti. Einnig er hugað að líkamsbeitingu og öryggi við vinnu. |
| Lýðræði og mannréttindi | Nemendur læra að vinna saman, tjá sig og virða skoðanir annarra. Þeir fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku varðandi eigin verkefni og vinnuaðferðir.                             |
| Jafnrétti               | Allir nemendur fá jöfn tækifæri til þátttöku óháð kyni, uppruna eða hæfni. Fjallað er um hlutverk kynja í handverki og textíl í sögulegu og nútímalegu samhengi.                         |
| Sköpun                  | Nemendur fá tækifæri til að þróa eigin hugmyndir og útfæra þær með fjölbreyttum aðferðum og efniviði. Sköpunargleði og frumleiki eru í forgrunni.                                        |

\*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

| Verkefnalýsing                                                                                                                                              | Hæfniviðmið/Markmið                                                                                                                                                                                                                                |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 5. bekkur <ul style="list-style-type: none"><li>búa til óróa úr trjágrein og garni</li><li>prjóna tuskur</li><li>búa til nálapúða með útsaumsmynd</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>Að nemendur sýni skapandi vinnu og mæli út hvernig þeir vilja skapa verkið,</li><li>Að nemendur læri grunninn í prjóni,</li><li>Að nemendur æfi sig enn frekar í útsaumi og að vinna við saumavél.</li></ul> |
| 6. bekkur <ul style="list-style-type: none"><li>sauma koddaver með útsaumsmynd</li><li>prjóna tuskur og/eða trefil</li></ul>                                | <ul style="list-style-type: none"><li>Að nemendur dýpki kunnáttu sína í útsaumi og vinnu við saumavél.</li><li>Að nemendur haldi áfram að æfa sig að prjóna og kynnast ýmsum garntegundum og eiginleikum þeirra.</li></ul>                         |
| 7. bekkur <ul style="list-style-type: none"><li>sauma tösku með útsaum og skrauti</li><li>prjóna tusku og/eða trefil</li></ul>                              | <ul style="list-style-type: none"><li>Að nemendur taki upp snið og saumi í saumavél og skapa með skrauti eftir eigin hugmyndum.</li><li>Að nemendur dýpki kunnáttu sína í prjóni.</li></ul>                                                        |